

**Nd. 51. Frumvarp til laga [49. mál]**  
um breyting á lögum nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

**1. gr.**

Frestir þeir, sem um ræðir í 14. og 16. gr. laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna breytast þannig, að ágreiningur milli aðila gangi til Kjaradóms 15. desember 1973 og Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefnið eigi síðar en 15. febrúar 1974.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Að undanfögnu hafa staðið yfir samningaviðræður milli fjármálaráðherra annarsvegar og hinna einstöku heildarsamtaka ríkisstarfsmanna hinsvegar um gerð nýrra aðalkjarasamninga, er gildi eiga að taka þ. 1. janúar 1974.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eiga málin að ganga til Kjaradóms þ. 1. nóvember n. k., ef samningar hafa þá ekki tekist.

Ljóst er, að tími mun ekki vinnast til að ljúka samningaviðræðum fyrir 1. nóvember n. k.

Samningsaðilar eru því sammála um, að æskilegt sé að fá frestum breytt en eru ekki sammála um lengd þeirra. Fjármálaráðherra leggur til að frestum verði breytt, þannig, að málið gangi til Kjaradóms 15. desember n. k., hafi samningar þá ekki tekist, og Kjaradómur hafi þá kveðið upp úrskurð sinn fyrir 15. febrúar 1974.